

HVAÐ ER NAUÐGUNARMENNING?



Nauðgunarmenning er menning sem umber og viðheldur ofbeldi, með því að:

- Loka augunum fyrir ofbeldi
- Gera lítið úr ofbeldi
- Afsaka og réttlæta ofbeldi

Nauðgunarmenning veldur því að þolendur kynferðisofbeldis eru ekki aðeins fórnarlömb ofbeldisins sem þau urðu fyrir, heldur einnig fórnarlömb:

- Þagnar
- Þöggunar
- Vanrækslu
- Skeytingarleysis

Nauðgunarmenning er orð sem notað hefur verið til að lýsa hefðbundnum viðhorfum samfélagsins gagnvart kynferðisofbeldi. Þegar við tölum um að eitthvað sé hefðbundið, er átt við að tiltekið ástand þyki svo sjálfsagt að það teljist eðlilegur hluti af daglegu lífi sem við þælum ekki mikið í.

Nauðgunarmenning er allsráðandi í samfélaginu og hefur áhrif á samskipti okkar við aðra, hvaða brandarar teljast fyndnir, hvernig snerting er talin við hæfi, hvaða ummæli og viðhorf eru álitin eðlileg og þar fram eftir götunum.

Í stuttu máli má segja að nauðgunarmenning sé menning sem umber og viðheldur kynferðisofbeldi, bæði í hinu stóra og smáa.

Dæmi um nauðgunarmenningu eru nauðgunarbrandarar, þegar fólk gerir grín að nauðgunum sendir það þau skilaboð að nauðgun sé eitthvað fyndið og léttvægt. Annað dæmi um nauðgunarmenningu er þegar konum er bent á að til að forðast nauðgun verði þær einfaldlega að klæða sig á ákveðinn hátt, drekka lítið eða vera stöðugt meðvitaðar um umhverfi sitt.

Viðhorf sem þessi hafa alvarlegar afleiðingar og smitast út í allt samfélagið, hvort sem er í daglegu tali eða innan réttarvörslukerfisins þar sem atriði eins og klæðaburður brotþola voru lengi vel talin skipta máli við rannsókn nauðgunarmála og fyrir dómstólum.

Nauðgunarmenning sendir þau skilaboð að brotþolar beri ábyrgð á að vera ekki nauðgað – í staðinn fyrir að sá sem nauðgar beri ábyrgðina, sama hvernig aðstæðurnar eru!

(Af Sjúkást heimasíðunni)

ÆFING

- Nauðgunarmenning og umræðan

1. Finnið grein eða fjölmiðlaumfjöllun sem fjallar um kynferðisofbeldi. Lesið greinina með skilgreininguna á nauðgunarmenningu í huga. Hvað stendur upp úr?
2. Hvaða viðhorf eða viðmið er hægt að lesa úr þessari umfjöllun?
3. Hvernig er fjallað um brotþola í þessari grein?
4. Hvernig er fjallað um gerendur í þessari grein?
5. Hvaða myndefni fylgir greininni/umfjölluninni? (Ef það á við) Er eitthvað athugasvert við myndefnið?
6. Hvaða áhrif getur svona umfjöllun haft á brotþola?
7. Hvernig væri hægt að fjalla öðruvísi um svona mál?